



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 20. júní 2014

Ákvörðun nr. 17/2014

Kaup Lýsingar hf. á Lykli fjármögnun

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 27. mars 2014 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Lýsingar hf. (hér eftir Lýsing) á tilteknum eignum, viðskiptavild og vörumerki Lykils fjármögnunar (hér eftir Lykill) af MP banka hf. (hér eftir MP banki) í samræmi við ákvæði b. liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.

Tilkynningunni fylgdu m.a. viljayfirlýsing og kaupsamningur um kaup Lýsingar á Lykli. Auk þess fylgdu með samrunaskránni ársreikningar samrunaaðila þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir 17. gr. a laganna, þar sem veltuskilyrðin eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 9. maí 2014, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að rannsaka þyrfti samkeppnisleg áhrif samrunans frekar, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa upplýsinga frá samrunaaðilum og samkeppnisaðilum þeirra. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf aðila skipta máli fyrir athugun máls þessa er þeirra getið í ákvörðuninni.

II.

Aðilar samrunans

Aðilar samrunans eru Lýsing og Lykill. Í samrunaskrá kemur fram að með samrunanum eignist Lýsing tilteknar eignir, viðskiptavild og vörumerki Lykils.

Í samrunaskrá kemur fram að Lykill sé deild innan MP banka og að meginstarfsemi hans felist í gerð og veitingu bílasamninga, bílalána og kaupleigusamninga vegna ýmissa atvinnutækja. Þar segir einnig að MP banki sé fjármálafyrirtæki sem starfi samkvæmt lögum nr. 161/2002. Meginvið bankans sé viðskiptabankapjónusta við atvinnulíf,ð,



athafnafólk, fjárfesta og sparifjáreigendur, auk alhliða þjónustu á sviði fjárfestingabankastarfsemi og eignastýringar.

Þá segir jafnframt í samrunaskrá að Lýsing sé fjármálafyrirtæki sem starfi samkvæmt lögum nr. 161/2002. Starfsemi Lýsingar felist í meginatriðum í eignaleigustarfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki, leigu bifreiða, atvinnutækja og húsnæðis með fjármögnunarleigu- eða kaupleigusamningum, auk lána til bifreiða- og tækjakaupa. Lýsing er í fullri eigu Klakka ehf. (hér eftir Klakki).

Í samrunaskrá er ekki fjallað um eignarhald Klakka sem áður hét Exista ehf. (hér eftir Exista). Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Klakka er félagið eignarhaldsfélag sem að mestu er í eigu íslenskra og erlendra fjármálastofnana og lífeyrissjóða. Helstu eignir félagsins eru 23% hlutur í Vátryggingafélagi Íslands hf. og 100% hlutur í Lýsingu.

Í þessu samhengi er rétt að líta til þess að möguleg yferráð Arion banka yfir Klakka hafa áður komið til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu. Með bréfi dags. 8. júlí 2011, barst Samkeppniseftirlitinu beiðni frá Arion banka um undanþágu frá skilyrði 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og heimildar til að framkvæma samruna vegna Exista á meðan hann væri enn til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu, sbr. 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Taldi bankinn að í kjölfar fyrirhugaðara breytinga á hluthafasamkomulagi Exista yrðu verulegar líkur á að bankinn fengi í hendur aukin áhrif, sem leitt gætu til þess að hann teldist hafa yferráð yfir félaginu í skilningi ákvæða samkeppnislaga. Með bréfi, dags. 11. júlí 2011, veitti Samkeppniseftirlitið Arion banka umbeðna undanþágu. Í kjölfarið, þann 26. júlí 2011, dró Arion banki framangreinda beiðni til baka þar sem ekki hafði orðið af fyrirhuguðum breytingum á hluthafasamkomulagi Exista. Taldi bankinn því ljóst að engar breytingar hafi orðið á yferráðum Exista.

Fyrir liggur að Samkeppniseftirlitinu hefur síðan þá ekki verið tilkynnt um breytingar á yferráðum Klakka/Exista í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga. Gagnaöflun undir meðferð málsins leiðir þó í ljós talsverðan eignarhlut Arion banka hf. og Kaupþings hf. í Klakka.

Arion banki er keppinautur Lykils og Lýsingar. Í samrunaskrá er ekki tiltekið að Lýsing sé undir yferráðum Arion banka (sér í lagi eða sameiginlega með öðrum). Þá hefur Samkeppniseftirlitinu ekki verið tilkynnt um slíkar breytingar í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga. Við afgreiðslu þessa máls er því lagt til grundvallar að Lýsing sé ekki undir yferráðum Arion banka.

III.

Markaður málsins

Samkvæmt samrunaskrá er skörun samrunaaðila fyrst og fremst á markaði fyrir fjármögnun bifreiða og atvinnutækja. Á þeim markaði starfi auk samrunaaðila Íslandsbanki hf., Arion banki, Landsbankinn og Tryggingamiðstöðin hf. Samrunaaðilar telja ekki forsendur til að sundurgreina milli fjármögnunar bíla- og atvinnutækja né milli



Þess hvort fjármögnunin sé veitt einstaklingum eða lögaðilum öðrum en fjármálafyrirtækjum. Þá telja samrunaaðilar landfræðilega markaðinn vera Ísland.

Samrunaaðilar telja jafnframt mögulegt að líta svo á að markaður fyrir lán fjármálafyrirtækja til viðskiptavina, þ.e. einstaklinga og fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja, sé einn markaður. Telja samrunaaðilar að á slíkum markaði hafi Lýsing einungis 1,3% hlutdeild samkvæmt árshluta- og ársreikningum og Lykill einn minni hlutdeild.

Að mati samrunaaðila hefur samruninn afar takmörkuð samkeppnisleg áhrif. Þannig verði markaðshlutdeild Lýsingar eftir yfirtöku á umræddum rekstrarhluta MP banka undir 20% á þrengsta mögulega markaði sem samruninn geti talist hafa áhrif á.

Í máli þessu koma til greina nokkrar mismunandi skilgreiningar á þeim markaði hvað skörun á starfsemi samrunaaðila á sér stað. Að mati Samkeppniseftirlitsins leiðir engin þeirra til þeirrar niðurstöðu að líklegt megi telja að Lýsing verði í markaðsráðandi stöðu í kjölfar samrunans eða samruninn raski samkeppni að öðru leyti. Af þeirri ástæðu telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að skilgreina markaðinn með nákvæmum hætti.

IV.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Að undangenginni athugun og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Lýsingar og Lykils muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Þannig er sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir ekki það há að hún veiti vísbendingar um að samruninn hindri virka samkeppni. Því er ekki ástæða til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Eins og fyrr sagði byggir þessi niðurstaða á þeirri forsendu að hið sameinaða fyrirtæki sé ekki undir yfirráðum Arion banka.



V.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna samruna Lýsingar hf. og Lykils fjármögnunar.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson